

**Ed.**

**420. Frumvarp til laga**

[230. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. desember 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 90 31. desember 1981 var lögum um kosningar til Alþingis breytt á þann veg, að gert var að skyldu að nota stimpla við utankjörfundarkosningu. Talið var, að notkun stimpla mundi skapa aukilið öryggi, fækka vafaatkvæðum og ógildum og flýta fyrir talningu. Var dómismálaráðuneytinu falið að löggilda þessa sérstöku stimpla (veltistimpla) og að sjá kjörstjórum fyrir löggiltum stimplum.

Ráðuneytið hefur nú haft mál þetta til athugunar. Komilið hefur í ljós, að hæpið er að það takist að festa kaup á nægilegu magni af stimplum til framangreindra nota, þannig að þeir fái til landsins í teka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á vori komanda. Ráðuneytið leggur því til, að lögnum verði breytt svo sem að framan greinir, svo ekki þurfi að koma til frestunar á kosningunum. Lagt er til, að kjósanda verði heimilt að velja um, hvort hann ritar eða stimplar á atkvæðaseðil sinn við utankjörfundarkosningu. Þetta hefur í för með sér, að unnt er að draga verulega úr innkaupum á stimplum, sem eru mjög dýrir. Þá er og talið hagkvæmt, að nokkur reynsla fái til notkun stimpla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, áður en ráðist er í mikla fjárfestingu við að útvega öllum kjörstjórum stimpla. Kjörstaðir eru u. þ. b. 300 og gera verður ráð fyrir að allt að 15 listabókstafir verði notaðir í komandi sveitarstjórnarkosningum. Þetta hefur í för með sér, að kaupa þarf til landsins a. m. k. 4 500 stimpla, og fullvinna þá hérlendis. Ef frumvarp þetta verður að lögum má ætla, að hægt sé að fækka kjörstöðum í u. þ. b. 50, þar sem stimplar verði notaðir. Er þá ætlunin, að stimplar standi til boða hjá sýslumönnum og bæjarfógetum og þeim hreppstjórum, þar sem lengst er að fara til framangreindra embættismanna. Getur þá kjósandi, sem óskar að greiða atkvæði sítt utan kjörfundar með stimpli, kosið hjá framangreindum embættismönnum. Á hinn bóginn þarf þá ekki að dreifa stimplum til allra kjörstaða.

Þess má geta, að stimpill af þeirri gerð, sem ætlast er til að notaður verði, kostar fullbúinn u. þ. b. 100,00 kr.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er því hægt að minnka dreifingu stimpla úr a. m. k. 4 500 í u. þ. b. 750 og innkaup myndu minnka úr 5 000 í 1 000.

Samráð hefur verið haft við samtök blindra, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið við samningu frumvarps þessa.